


# AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

## Breyting á aðalskipulagi, Leifshús, breytt landnotkun



Staðfest aðalskipulag 5.9.2008



Breytt aðalskipulag

--- Breyting

Mkv.: 1:20.000

### Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkir að Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 verði breytt þannig að heimil verði nýting bæjarhúsa í Leifshúsum undir ferðþjónustu.

Leifshús eru á landbúnaðarsvæði L1. Um er að ræða gott landbúnaðarland sem vel er fallið til ræktunar og búvöruframleiðslu sem skal vera meginlandnotkun á því svæði.

Áform um breytta landnotkun felast eingöngu í nýtingu núverandi húsa sem verða endurbyggð og lagfærð sem ferðþjónustubyggingar. Heildarstærð núverandi bygginga er yfir viðmiðun aðalskipulagsins, alls 1.242 m<sup>2</sup>, og er því þörf á sérmerkingu á aðalskipulagsupprætti. Jörðin verður áfram nýtt til landbúnaðar eins og hingað til. Breytt notkun bæjarhúsa hefur engin áhrif á nýtingu landbúnaðarlandsins og stríðir því ekki gegn meginmarkmiðum um landnotkun á svæðinu.

Leifshús eru gegnt Þórisstöðum handan þjóðveggar og í sömu eigu. Rekstur ferðþjónustunnar mun tengjast núverandi rekstri á Þórisstöðum. Næstu bæir eru um 430-540 m norðan og suðvestan Leifshúsa. Ekki er þörf á nýbyggingum eða breytingum á veltengingum og veitukerfum.

Sex minjastaðir eru skráðir í Leifshúsum, fimm þeirra staðsettir á upprætti (Sædis Gunnarsdóttir. Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi. Fornleifastofnun Íslands FS279-04181. Reykjavík 2005). Þar sem skipulagsbreytingin hefur ekki í för með sér neinar breytingar á mannvirkjum hefur hún ekki áhrif á minjastaði.

Ef til frekari uppbyggingar kemur skal hún gerð í samræmi við nýtt deiliskipulag. Í deiliskipulagi verða þá m.a. sett ákvæði um byggingarmagn og nýtingu.

### SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN**
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L3/4 Landbúnaðarsvæði L3/4
- lb lbúðarsvæði
- F Frístundabyggð
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- A Athafnasvæði
- I lónaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- Ó Óbyggð svæði
- N Efnistökusvæði
- Bl Blönduð landnotkun
- ... Sjóvarmargarður
- ⊙ Merking landnotkunarreita
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN**
- H Hverfisverndarsvæði
- V Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- R Fornminjar
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI**
- Stofnbraut
- )- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibraut
- Safngata, landsvegur
- ... Aðalgöngu- og hjólastígar
- ... Megin útivistarstígar
- ... Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA**
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

### BREYTING Á GREINARGERÐ

#### Kafla 4.6 Verslunar- og þjónustusvæði.

Eftirfarandi línu er bætt við yfirlitstöflu yfir verslunar- og þjónustusvæði á bls. 30:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
V8	1,0	Leifshús	Ferðþjónusta	Úppbygging skv. deiliskipulagi

### BREYTING Á SKIPULAGSUPPRÆTTI

Tákn fyrir verslun og þjónustu merkt V8 er sett við Leifshús.

### ÁHRIFAMAT

Breytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Breytingin tekur aðeins til nýtingar bæjarhúsa og hefur ekki áhrif á landnýtingu að öðru leyti þar sem jörðin verður nýtt áfram sem landbúnaðarland. Breytt nýting bæjarhúsa hefur engin áhrif á aðstöðu eða eignir annarra en landeiganda.

Breyting þessi telst því óveruleg sbr. ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

þann 27.01.2016

*[Signature]*

Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 11. apríl 2016

*[Signature]*

Skipulagsstofnun

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI  
Leifshús, breytt landnotkun

Verk: 16-309  
Únnið af: áó  
Mælkvarði: A3, 1:20.000  
Dagsetning: 25.1.2016/22.3.2016

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FELAGAR ehf.  
arkitektar fai

KAUPANGI VIMYRARVEG  
505 AKUREYRI  
SÍMI 481 5508  
NETFANG: arn@teikna.is  
VEFFANG: www.teikna.is